




EX-LIBRIS
RJ



Nýtilegt

Barna-gull

edur

Stöfunar- og Lestrar-qver

handa

Börnum;

samantekid af

Bjarna Arngrímssyni,

fyrrum Sóknapresti til Mela og Leirár

i Borgarfjardar Sýslu.

Ydkanir næra únga en gledja gamla.

Videyar Klaustri, 1821.

Prentad á kostnad ennar konúnglegu islendsku

Visinda-Stiptunar,

af Faktóri og Bókþryckjara G. J. Schagfiord.

Aa Bb Cc Dd

Ee Ff Gg Hh

Iij Kk Ll Mm

Nn Oo Pp Qq

Rr Sſs Tt Uu

Vv Ww Xx Yy

Zz Þþ Ææ Øø

I. Vetrar Vika:

Börn! takid eptir: í dag er Föstudagur fyrstur í Vetri; nú ega byrja yckar Lærdóms-ydkanir; rídur því á, þid keppist vid. Er hjer sitt Qverid handa hverju yckar, í **Vetrargjöf**: heitir þad **Barnagull**, lítid á! þid þecktud þó í vor alla bókstafina á Spjaldinu yckar. Híngad egum vid ad vera komin á Fimtudags-qvøldid, er kemur; skodid!—ecki er viku-verkid stórt!—einúngis Stafrofid, 4 stafir á dag. Vid skulum þá byrja! en med því bænar-ávarpi fyrst: **Gud gefi mjer lyst til gott ad læra!** nú þá!

a	b	c	d	e	f	g	h
—	Bje	Sje	Dje	—	Eff	Gje	Há



i j k l m n o p
— Jod Ká Ell Emm Enn — Pje
q r ſ ß t u v x
Kú Err Ess Tje — Vaff Eks
y z þ æ ö.
— Seta Þorn — —

Merk: Þegar Barnid hefir lært ad þeckia bókstafina vel áfram, skyldi Kennarinn láta þad ítreka þá apturábak, upp og nidur, svo þad þecki, enn ecki læri þá.

---

2. Vetrar Vika.

Sæmilega fór, Börn gód! vikuna, sem leid; mikid siaursæll er gódur vilji. Þessa er yckur einungis ætlad, ad glöggva yckur betur á Dögunum,

og læra þeckja þeirra ýmislegu Adgreiningar, gyldi og úttal. Takid nú ofur vel eptir og setjid allt á yckur. Gud goft mjer lyst til g. a. l.

Likir ad lögun:

l i j f ſ n u y m r r k t
c e a æ o ø q g d v b
h p þ z s ß tz ſt ſi.

Einfaldir Hljód- eda Raddar-stafir

a e i o u y.

Tvöfaldir Hljódstafir:

á (æ) é í ó ú (w) ý œ
(aj ej ey) ø (au øj).

Merk: Ad einföldum hljódstöfum er qvedid lint, til dæmis: af, er, inn, op, und, ytst;, ad tvöföldum hardt, til d.: ár, é stendur

aldrei í upphafi ords, en á ad lesast sem je, t. d.: mér (mjer), þér (þjer), ís, ós, úr, (úrverk), ýr (bogi), æst, ønd (aund).

Samhljódendur eru þessir 20:

b c d f g h j k l m n p q r s t v x z þ.

Tvøfaldir Samhljódendur:

x (ks) z (ds, ss, st, og gyldir ætíd 2 bókstafi).

Varastafir: b f m p v.

Túngustafir: d l n t þ.

Gómstafir: g k q h j.

Tannstafir: c r s z x.

Merk: Samhljóds-stafir verda ecki nefndir, því sídur þeir myndi nockurt ord útaf fyrir sig, nema hljódstafur hjálpi þeim; t. d.: b verdur ecki nefnt, nema j og e fylgi med; h og j eru ad álíta sem hjálparstafir í voru máli.

3. Vetrar Vika.

Fyrst þid kepptust svo vel vid vikuna, sem leid, er yckur þessakætlad, til skemtunar í Ladinn, ad skoda hvernig stafirnir líta út, þegar þeir hafa meira vid; giorid ecki nema litid á, hvar þeir standa fyrir ofan þá brædur sína óbreyttu stafina. Svona breyttir taka þeir upphaf á klausum og merkisordum. Giörum ockur þá fyrst sem best kunnuga; svo koma einfølduslu Ardqvædin med Vara- og Túngu-støfum — gaman verdur þad! — Gud gefi mjer lyst til gott ad læra!

A	B	C	D	E	F	G	H	I	K
a	b	c	d	e	f	g	h	ij	k
L	M	N	O	P	Q	R	S	T	U
l	m	n	o	p	q	r	ſ	t	u

V W X Y Z Þ Æ Ø.
v w x y z þ æ ø.

Merk: W eda w (tvøfaldt vaff), er Þýdskur bókstafur, sem ecki á heima í íslendsku máli.

Med Varastøfum:

A ab abb, eb ebb, ib ibb, ob ub.
af aff, ef eff, if iff, of uf.
am am̄, em em̄, im im̄, om um̄.
ap app, ep epp, ip ipp, op up.

Med Túngustøfum.

A ad add, ed edd, id idd, od, u
at att, et ett, it itt, ot, ut
al all, el ell, il ill, ol, ul
an ann, en enn, in inn, on, un

4. Vetrar Vika.

Skodid nú, Børn góđ! hverſu ágætur hlutur þad er, ad vera ydinn og ſtundull vid verk ſitt; þid hafid nú aflokid því á 3 vikum, ſem margir jafnaldrar yckar eru ad ſagla og ſtagla vid í 2 eda 3 vetur, af því þá vantar lyſt og alúd til ad læra. Vid ſkulum nú halda áfram med hæguſtu Góms- og Tann-ſtafa adqvædin þeſſa viku. Þá til verka! Gud geſi mjer lyſt til gott ad læra!

Med Góm- og Tann-ſtøfum,

A ag agg, eg egg, ig igg, og, ug.
ak akk, ek ekk, ik ikk, ok, uk.
ar arr, er err, ir irr, or, ur.
as aſs, es eſs, is iſs, os, us.
ax ex ix ox ux.



Blandadir Hljód- og Samhljóds stafir:

A ad ád, al ál, ar ár, at át.

E ed ef eg ek el em en er et ey.

I id il íl is ís.

O ód of óf ok ók ól op óp ós óx.

U úd úf úr út.

Y ýd ýf ýr ýt.

Æ æd æf æg æl æp ær æs æt.

Ø ød øl ør øs.

Merk: Þar, sem tvø ord eins støfud koma fyrir, verdur Kennarinn ad minna barnid á ad qveda hardt ad því seiña, vegna þess tvøfalda hljódstafs.

5. Vetrar Vika.

Merkilega leyfind þid af hendi nærsta vikuverkid, já! strax í gjærmorgun var þad búid, svo þid

ákkud frí frá middegi, og máttud leika yckur gódañ tíma; ecki skal eg þó fyrir þad herda um ofad yckur siøfunina þessa viku; skodid viku-skamtinn! ecki er hann ýkja stór heldur í þetta sinn. Lýsing þá! Gud gefi mjer lyst til gott ad læra!

Eins Adqvædis Ord:

B ba bad dád hád lád nád tad tád.
be bed géd léd sed séd ted téd.
bi bid bíd lid líd nid níd rid.
bo bód god gód mod mód vod.
bú búd húd lúd núd rúd súd.
bý býd hýd lýd sýd þýd.

D da draf haf háf kaf káf raf ráf.
de dref géf hef kéf nef ref sef.
di drif lif líf rif ríf þrif þríf.

do dof hof hóf lof rof vóf þóf.
dý dýf hrýf klýf rýf stýf.
dø døf høf køf løf tøf vøf.

F flag dag hag lag lág nag sag.
fe ferg berg dverg merg.
fo flog log lóg rog róg vog vóg.
fu flug fljúg bug bjúg dug drjúg.
fý flýg gýg lýg sýg.
fæ fæg bæg hæg næg sæg þæg.
fø fløg bøg høg løg møg røg.

Merk: Ofta ráð er: að Kennarinn vildi jafnframt vekja Barninu eptirþanka, með því, að spyrja það um og útlista því orðanna þýðingu, hvaða hlutur egi það eða það nafn, sem fyrikemur, hvert orðið se Nefndar-, Asigkomu-

lags- eda Tidar-ord, og svo framveg-is. Til dæmis væri reynandi á þessum:

Heitt bad, leidt kad, djúpt vad.
Mjúkt bed, margt sjed, mætt gjed.

6. Vetrar Vika.

Nú verdum vid ofurvel ad keppast vid komandi viku, svo vid getum eins vel skilist vid þenna vikn-kamt, sem hina fyrri, þó hann se lítid eitt drjúgari, enda erud þid nú farin ad æfast nockud: komid til! vid skulum reyna hvad vid getum! Gud gefi m. rc.

G ga gack hakk lakk makk pakk.
ge geck feck bekk rekk seck þekk.
gi gikk bik hik lik rik vik vik.
H ha hal hál kal kál sal sál tal tál.

he hel fel gél jel mel mél ſel.
hi hil bil fíl gil til vil þil.
ho hol hól bol ból kol kól mól.
hy hyl byl dyl kyl myl výl þyl.
hæ hæl bæl fæl mæl ſæl tæl.
hø hjøl bøl føl møl ſøl tøl vøl

K ka kal kall dal dall gal gall.
ke kél kéll fel féll géll hel hell.
ko koll holl hóll poll toll þoll.
ky kýll fyll gyll hyll mýll tyll.
kø køll bøll føll gøll høll vøll.

L la lamb dramb kamb ramb þamb.
le lemb kéimb remb þemb.
lø lømb vømb þømb.

Ljótt hakk, raudt lakk, leidt pakk.
Klæd bekk, fæd rekk, bæt sekk.
Svart bik, þurrt ryk, stutt vik.
Heitt kál, skír sál, hált tál.
Hátt fall, ramt gall, þúngt fall.
Hvítt lamb, fúlt dramb, hyrd kamb.
Lembd ær, kémbd mær, fremd nær.
Raudt gull, vömb full, þunnt full.

7. Vetrar Vika.

Ecki stód þad mjög mikid fyrir, þó drjúgari væri iku-ætlanin sídast. Svona er þad, allt vinnst led ydninni, og hún eykur alla ment: þid unnud lika sanna þad þessa viku. Gud gefi mjer st til gott ad læra!



M ma man mann rann van vann.
me men menn sen senn tenn.
mi mín minn sin sinn sin siñ.
mo mor for gor hor vor þor.
mu mun munn kunn ruñ þuñ.
my myr dyr dýr kyr kýr-lýr.
mæ mæn bæn hæn ræn væn.
mø møn grøn løn vøn þøn.

N na nap gap hrap krap lap tap.
ne neip geip keip kleip sveip.
no norp hopp sorp sopp þorp.
nú núp djúp drjúp hjúp krjúp.

R ra ras rós las lás mas más.
re rein bein hein mein tein.

R ri ris sis slís rís grís hrís vís.
ro rós dos dós fjós los ljós þjós.
rø raus daus fraus gaus haus.
S sa sat fat fát gat gát mat mát.
se seinn beinn hreinn steinn.
si sit bit bít krit krít lit lít.
so sod gnod hnod rod ród þjód.
su sull bull full fúll gull gúll.
sý sýt být slýt hnýt lýt nýt þýt.
sø sølt følt gelt helt rølt vølt.

Byrd mann, hyrd rann, fé vann.
Gyllt men, djúpt fen, stór ben.
Grunnt lón, megn són, hár tón.
Høst rás, tiúr lás, ljótt más.

Hlýtt fat, vídt gat, et mat.
Sárt bit, þarft rit, gott rit.

8. Vetrar Vika.

Dável geck med sídasta Vikn-skamtinn, eins og eg gat til; ecki mun midur takast þessa vikuna. Skritin ord og samstædur koma hjer fyrir; gaman! gaman! Gud gefi mjer lyst til gott ad læra!

I ta taks baks dags fax lax sax.
te teigs beigs deigs feigs geigs.
to togs fox loks rocks socks vóx.
tu tugs búks dugs flugs súgs.
tæ tæks hægs nægs sægs þægs.
I va vart dart hardt nart part.

ve vert berdt gérdt herdt stert.
vo vort gort kort port tort.
væ vært bært fært hært sært.
vo vord bord hord jord mord.

Þ þá gá gjá há hjá lá ljá sá sjá.
þé þént dent lént ment prent.
þi þiñ finn hiñ minn siñ vinn.
þó þró bjó fró hjó kló mjó sjó.
þu þurt burt furt jurt kurt surt.
þæ þægt bægt fægt hægt nægt.
þo þogn gogn logn mogn sogn.

Lær hér, nýtt gjer, gagn er.
Gott barn, trútt hjarn, hardt skarn.

Bjart ljós, dymmt fjós, mjór ós.
Stutt ord, lángt bord, græn storð.
Hrein hend, breid bend, heit lend.
Hrátt egg, grátt skégg, smátt hregg.
Jarpt fax, stór lax, beitt sax.
Vænn sár, nýr lár, gult hár.
Svert lús, grá mús, lágt hús.
Feitt kjet, slétt flet, nett fet.
Vott hey, fríd mey, köld ey.

9. Vetrar Vika.

Svo kappfull vórud þid afliðna viku, Börn góð! ad skyldt væri ad lofa yckur til kirkjunnar á Hátíð-inni, þid skulud líka fá það, ef vedrid leyfir og þid keppist vel vid þángað til; vel er tilvinnandi. Vid

hjer kjemur skrítin Barna-saga. Gud gjefi mjer lyst til gott ad læra!

Páll og Jón.

Þar var eitt barn, sem hét Páll, hann fèck skyr og mjólk út á í ask sinn; þar sat nú Páll med ask sinn á knjám sèr, og fèllst vel á; tók hann þvi til máls og spyr: hvar fæst mjólk og skyr frá? — Jón. Þess er rètt spurt, barn mitt! spyr ad eins, svo fær þú greind med tíd. Kom med mèr, þá skalt þú fá ad sjá, hvar menn fá sèr mjólk frá. Ná fór Jón og Páll med út í fjós, þar var margt nytt ad sjá; eitt var kyr, sem stód sèr á bás, hún var raud ad lit, stór og hyrnd. —



Jón. Lít nú á, Páll minn! þar sjer þú þann grip, sem mjólk fæst af Um leið rak kýr sú upp gaul, bø, bø, bø. — Jón Þú ber þá kénnsl á mig! satt er það! fór hann þá og tók hey - visk úr meis, er þar stóð skamt frá, í mod - bás, og baud kú; hún greip strax við og át hvert og eitt strá hreint upp í mold. — Jón. Gjæt nú ad, Páll minn! í þeim skinn - svepp, sem þá þar sjer, er nú mjólk geymd; þar fæst hún úr. Jón lét Pál sinn sjá til; greip þétt um skinn - svepp þann, og strax flaut þar mjólk fram — Pál rak nú í stans, eins og von var. Í bás skammt eitt þar frá, leit Páll kálf

og sþyr: Hvad sie eg hèr nýtt? — Jón. Það er úngt barn, sem mín kýr á; tók Jón þá kálf sinn og lèt Pál sjá, hve gladt hann saug, sèr mjólk úr sveþþ þeim, sem fyrr var frá sagt. — Páll. Oh! oh! slíkt hef eg ei fyrr sied. — Jón. Satt og rètt! svo kyss mig þá, fyrst þú fèckst svo margt nýtt ad sjá, sem nú hef eg sýnt þèr

10. Vetrar Vika.

Svo fór, sem mig vardi, gaman þókti yckur ad Mjólkur-sögunñi hans Páls litla, enda geck yckur nú vonum framar, svo ecki var mikid á, þó Hátídin kippti nockud úr fyrir yckur — þá er líka.

ad búast vid Nýárs-deginum þessa viku — þenkid til þess og látid sjá þid keppist nú vid! kemur ein Frásagan enn! Gud gesi mjer lyst til, etc.

Ulfur og Lamb.

Frá þvi er sagt um Ulf, bit-vargi þann, ad hann kom eitt sinn ad læk, og drack þar af. Nú kom og Lamb, þad var mjøg svo þyrst, vék sér því skammt eitt á bug og drack med. Strax, sem hitt fól vard þess var, og sjer Lamb skammt frá sér, gjeck hann til þess med grimd og tók til máls: Nú sje eg hvad er, og því þad var grugg eitt, sem eg drack; þad er þín skuld, þitt verk er þad, af hreck gjørt af þér, en mér til meins. — Af mér? nej, langt frá!

gaf Lamb til svars; þad hef eg ei nè sæ gjört; eg, sem fjær stend, og ei svo hátt vid straum, sem þú. — Fjas og mas, vard nú greinds Ulfs svar; þó satt þad sè og þú sèrt sikn, samt er sú kind, sú ær sek þess, sem gaf þèr lif og bar þig í heim vorn. Eg krefst þíns lífs í hefnd þess brots. Um vægd bad Lamb og rètt, en öll bæn var spillt; rètt var ei ad fá. Ulfs tönn tók svar; eitt vein ad eins, og strax var Lamb þad daudt.

Hvar vald og makt er allt, þar mun bágt ad fá rètt.

II. Vetrar Vika.

Lidin ern Jólin, úti er Nýársdagurinn, byrjad er Arid, Born gód! vona eg nu ad lystin til þess gott ad nema heldur vaxi enn ecki, med nýum Tímaskiptum. Nú sie eg kjemur adgætnisverd saga fyrir born; munid eptir því, sem hún kennir ydur. Gud gefi mjer lyst til gott ad læra!

Satt er best, Lygd verst.

Barn mitt gott! mæl þad eitt, er þú veitst ad satt er, svo fer þá sist góds á mis.

Eitt barn tók sér þann sid, þad rak ort upp hljód af hreck vid fólk. — æ þá hund = skomm! hann beit mig! æ! kom! kom fljótt! jeg bid um hjálp, jeg er i neyd! —

Fólk kom til svo fljótt, sem unnt var, en —
hvad var ad? ei þar, hund var ei ad sjá,
né neitt til meins, öll hljód og köll um hjálp
var narr og lygd. — Nú leid og beid,
fólk gaf sig úr því fátt um hljód og köll
greinds barns, þad tók þau, eins og var,
hreck einn. — Loks bar svo til, ad sveinn
sá vard á leid grimms hunds, sem flaug
strax á hann. — Nú rak hann, sem von
var, upp hljód, eins og fyrr, og bad sér
lids, en fékk nú ei likn, fólk þad, er í grend
var og gat heyrt, gaf sig ei ad, því þad
héldt skrak hans gabb og glens, eins og
vant var; vard svo hunds bit þess drengs
tjón. — Æ! lát þér þad sagt, barn mitt
gott! met æ satt best, en lygd verst, og

mæl hvert þitt ord satt og rètt; þvi þad barn, sem opt fer med lygd, venst á illt og fær ei lifu, þá helzt þarf vid, og neyd ber ad; þad fer á mis vid margt gott, vid trú og hjálp fólks; er og bágt, já! naud er þad, ad hvert ord slíks barns, þó satt sè sagt, metst úr því, líkt sem fyrr var flærd og fj·s.

12. Vetrar Vika.

Hana nú! búin eru eins-adqvædis ordin, og var ecki fjarska lengi; miklu fær ydnin til vegar komid, elsku Börn! látum þad eins sannast þessa viku. Nú koma tveggja-adqvæda ordin. skrifin eru þau líka. Gud gefi mjer lyst, etc.

A abb a ad a ard a asn a aug a.
E enn i eln ir end i elsk a eld ur.
I id a ill a ill ur illsk a il ur il ja.
O odd ur ód ur ok ur ost ur ot ur.
Y yd ur ydr an ýk jur ýlf ur ynd i.
Æ æd ra æf a æl a æp a ærsl a.
Ø ørd ur øfg ar øgr ar økl ar ørv ar.
B bid ill mid ill rid ill snid ill.
budd a nudd a rudd a sudd a.
bød ull rød ull sød ull stød ull.
D draf a graf a kraf a kaf a káf a.
dreif a leif a skeif a þreif a.
dríf a hríf a þríf a.
deyf a geyf a leyf a reyf a.



dof inn hof in hóf inn þóf inn.
dun ur mun ur run ur stun ur.
F fág a bag a bág a lag a lága.
fíng ur hríng ur kríng ur slíng ur.
føg ur bøg ur køg ur møg ur.
G gáng a háng a láng a mánga.
gol ar gól ar fol ar fól ar ról ar.
gyll íng fyll íng hyll íng tyll íng.
H hal a hál a háll a harl a.
hvel ja dvel ja qvel ja vel ja.
hyl ur byl ur býl ur þyl ur.
K kall a dall a fall a gall a lall a
kéll a hell a fell a géll a rell a

koll a boll a holl a moll a polla.
køll in føll in fjoll in høll in.

Feit ur ard ur, þyck ur gard ur.
Þüng ur bagg i, leid ur segg i.
Mjód ur bid ill, beitt ur snid ill.
Fag ur rød ull, hæg ur sod ull.
Lüng ur sing ur, old ur Hüng ur.

13. Vetrar Vika.

Að þessari viku lidiñi er hálfnadur Veturinn, enda eru nú þegar hálfnud tveggja adqvæda ordin, svo vid lúkum nú vid þau þessa viku, ef ad liggi fer; litid á viku-skamtinn! bødist hefir brattarg,

en allt vinnst med ydninni og gódum vilja. Gud gefi mjer lyst til gott ad læra!

L laurar ham ar. hám ar rám ar. lem ur kém ur krem ur sem ur. læm ist dæm ist ræm ist tæm ist.
M man a mán a dan a dán a ran a. mun ur munn ur run ur ruñ ur. mæn ir bæn ir ræn ir spæn ir.
N nap ur dap ur slap ur sláp ur. nýp ur drýp ur krýp ur sýp ur. næp ur dræp ur glæp ur kjæp ur.
P par a pár a. far a fárr a hárr a. perl a ferl a fell a kérl a snerl a. purk a lurk a skurk a burk a.

Q qvadir qvedur qvidur qvølar.
R raſa ráſa baſa báſa máſa.
riſa ríſa kiſa miſa piſſa viſſa.
roſa róſa doſa dóſa móſa.
S ſáta bata báta gata gáta játa.
ſit ur bit ur bít ur lit ur lít ur.
ſvørd ur fjord ur gjørd ur njørd ur.
T taxt i fax i lax i ſax i vax i.
text i dekſt ri vext i veſt i verſt i.
togs ins foks ins loks ins roks ins.
V vart a kart a mart a nart a.
vilt u villt u bilt u gilt u gyllt u.
vær um bær um fær um lær um.
Þ þánk a dánk a hánk a ránk a vánk a.

Þek ur lek ur rek ur sek ur tek ur.
Þorsk ur dosk ur horsk ur skotsk ur.
Þund ur dund ur hund ur sund ur.
Þýdd ur hýdd ur prýdd ur skrýdd ur.

Þæfd ur sock ur. Víd ur smock ur.
Samk a berj um. Rid a skérj um.
Skip i lend a. Bind a end a.

14. Vetrar Vika.

Nærri fór gátu minni sídast, Börn! tæklega bund ud hid endañ á tveggja adqvæda ordunum; ska eg nú segja yckur sogu: gamli Þorri gengur gard í dag, svo heitir sá fyrsti mánudur eptir mid jann Vetur; skodid! Þessa fyrstu viku af honum er

ockur líka ætlað að skafa skrítnar frásögur. Guð gefi mjer lyst til gott að læra!

Myndin á Veggnum.

Ekki er eg því líkr herra, sem hann Halldór, hann hræðist skugg ann sinn, sagði Brandur litli við hana Móður sína. Í gjær qveld i kendi hann Stirbjörn mér að gjöra skrítna mynd á þilið; það er einhver skugginn af fingrum mínum; þér munu gëfa á að líta, móðir mín! þegar ljósið kemur upp í qvöld, skal eg sýna þér hvernin eg fer að. — Þú gjörir rétt, barnið mitt! að leika þér við skugganu þinn, sagði móðir hans, það er uskævís börn, sem hrædd eru við hann.

Kéttlíngurinn.

Kétt a átt i einu sinni lít inn kétt líng, hann var svo vond ur, ad hann æ tíd beit móđ ur sín a til blóđs; þeg ar hún kom og vild i géf a hon um ad sjúg a. Mell an þord i varl a ad kom a nærr i hon úm, og um síd ir hætt i hún fyr ir fullt og allt ad kom a til hans. Hvar lendt i þad nú? Hid vond a kétt lings mor hlaut ad svellt a i hel. Þann ig mund i lík a far a, fyr ir slæm um börn um, ef fad ir og móđ ir yf ir gæf u þau, og vild u eckert um þau hyrd a.

15. Vetrar Vika.

Allvel tókst yckur med sögurnar; þad er lika sannast ad segja, þær vóru fátlegar. Nú koma þriggja

adqvæda ordin, og nú liggur á Þid farid stillt og seint fyrst um sinn; setjid vel á yckur adqvædin, sem liggja til hvers ords, og tónid þau med gætni saman; reynum hvernig fer! Gud gefi mjer, etc.

And an um end an um æd un um.
Bald inn i bend unn i byrd inn i.
Dafn ad ur dauf íng i dof inn i.
Fagn ad ur fregn ad ur flys júng ur.
Gáng and i gégu and i gynn and i.
Hakk ad ur hvekk jad ur hækk ad ur.
Karl in um kéld in um kólf un um.
Last ad ur lemstr ad ur lim ad ur.
Mán ud um metn ud um mynd ud um.
Nabl an um not ud um næp un um.
Part in um purk inn i per unn i.

Qvad irn ar qvinn urn ar qvol ad ar.
Raf ad ur reif ug ur rosk leg ur.
Sad sam ur sid prúd ur sótt næm ur.
Tarf kálf ur tor sókt ur tyrf ing ur.
Vand leg ur vind leg ur væn leg ur.
Þagn ad ur þúng ad ur þræk ad ur.

Af gáng ur af rakst ur af rif ur.
Ar deg is ár ris ull ár vak ur.
At vinn a at hafn ir at hug i at ork a.
Á vyrd ing á fell i á kaf i á næg ja.
Barn dóm ur úng dóm ur mañ dóm ur.
Bún ing ur flutn ing ur hyng ling ur.
Bút úng ur Hofr úng ur Sil úng ur.

Helf úng ur þrid júng ur fjórd úng ur.
Fimt úng ur sjott úng ur átt úng ur.
Ilaungun klengíng iñstæda í tal a.
Omagg i ó megi ó meinn íng ó tími.

16. Vetrar Vika.

Þegar þid haldid svona vel áfram, eins og þid gjørdud med þriggja adqvæda ordin, vikuna sem leid, getid þid med aldrinum vordid skynugar og nytsamar manneskjur. Mikil ánægja verdur ykkur þad; takid eptir! Nú koma, sie eg er, fjógra og fleiri adqvæda ord. Gud gefi mjer lyst t., etc.

Á vinn íng ur at hug a sam ur.
Bjarg ar leysi búr a skap ur.
Dof in leik i dugn ad ar leysi.

Ept ir leitu i ept ir mál i.
Fó mál ug ur fljót hug ad ur.
Gam an sam ur góð vil jad ur.
Hard hnakk ad ur hard úd ug ur.
Jarp lit ad ur Jafn a bróð ir.
Kald sinn ad ur kým i leg ur.
Láng háls ad ur let i mag i.
Mjúk lim ad ur mann úd leg ur.
Nýt i leg ur not in virk ur.
O lán sam ur of lát úng ur.
Pálm a við ur prýð i leg ur.
Qvold vok urn ar qvik fén ad ur.
Rík lund ad ur rausn ar mad ur.
Sóm a leg ur sið a vand ur.
Tak mark ad ur til býn ing ur.

Upp hreſs íng ur   und ir ferl i.
Val in kunn ur   vit ur leik i.
Ynd is leg ur   ypp ar leg ur.
Þjód kon úng ur   þurf a mad ur.
Ætt leid ing ur   æ var and i.
Ord ug leik i   en ug leg ur.

Litla Stúlkan vankunnandi.

Jardþrúdur var litid, eptirlátſamt barn, ſem aldrei var afundin vid leikſyſtur ſinar, þegar þær beiddu hana ljá ſér eitthvad af leikfángs-þíngum hennar. Jardþrúdur kunni líka fáeinar fallegar ſmáſøgur, ſem henni fóſt ofur laglega ad ſegja, þegar hin børnin óſkudu þeſs. Hún var ætíd varkár

að því, að ata út fötin sín, og hún fór aldrei með ósanníndi; en — Jarðþrúður var nú þegar sje vetra gömul, og kunni enn þá ecki lesa, vésalíngur!

17. Vetrar Vika.

Nú er farið að líða á Hánngamla Porra, boru góð! ecki er nema rúm ein vika eptir af karlinum, enda er yckur nú vel farið að skila áfram. Hjer sie eg konia sundurlausir þánkar; berið yckur nú að slafa vel, svo þið getið tekið eptir, hvað þeir segia í frettum. Guð gefi mjer lyst til gott að læra!

Orsök og Verkan.

Enginn hlutur getur gjert sig sjálfann, allt hefir því sína orsök. — Orsök heitir

sá hlutur, sem kémur eðru til vegar, mynd- ar eða framqvæmir það. — Húsasmiður- inn hefir byggt þenna bæ, það er: verið orsök til hans. — Bærinn er því hans verk, það er: verkan. — Qver þetta hef- ir Ritsmiðurinn skrásett, Bókþryckjarinn prentað og Bókbindarinn innbundið það; þeir eru því orsökin og querið þeirra verk eða verkan. — Járnsmiðurinn býr til knífa, skjæri, axir, hamra, seg og ljái. — Sólin géfur af sér birtu; það gjörir ljós- ið líka. — Eldurinn qveikir ljósið; hann géfur líka hita. — Skýin í loptinu koma af hita. — Skýin géfa regn á sumrum, vegna hita; en á vetrum snjó, ís og og

hagl, sökum kulda. — Skýin eru því orsök til regnsins, en kuldinn verkar, að það verður að snjó um leið það fellur igégnum kalda loptið. — Kýr og ær géfa af sér mjólk. — Ur mjólkinni fæst skýr, drafli, ostur, smjör og misa, en hún verdur að skyru.— Sauðurinn géfur líka ullu. — Ur ullinni eru búin til fötin. — Fötin eru til skjóls og halda á ockur hita. — Sá, sem í fyrstunni hefir búið allt til, hann er líka sú fyrsta orsök til alls. — Guð hefir gjört alla hluti í fyrstu. — Hann hefir skapað heiminn og allt hvað í honum er, lifandi og dauðt; Guð er því sú fyrsta orsök til heimsins, og heimurinn Guðs verk eða verkan; allt það

gott og fagurt, sem vid njótum og sjáum, er honum ad þacka; hann er sú fyrsta orsøk til fædunnar, sem nærir os, klædanna, sem skÿla os, ljósins, sem lÿsir os, og til augnanna, sem vid sjáum þad med; allt er þad raunar hans verkan, en sjálfur er hann sin egin orsøk.

18. Vetrar Vika.

Børn! gjørid ecki nema lítid á Bókstafina, sem núna koma; bústinlega líta þeir út; þeir heita Schwabach (eptir stad nockrum í Þÿdskalandi, med sama nafni, hvar þeir eru fyrst uppfundnir); brukast letur þetta til Manna og Stada nafna,

einkunnar orda og merkis atrida, sem sjest á eptir-fylgjandi útleggingu vísunnar. Kynnum ockur þad þessa viku. Gud gefi mjer lyst til gott ad læra!

A B C D E F G H J K
a b c d e f g h i j k
L M N O P Q R S T U
l m n o p q r ſ s t u
V W X Y Z Þ Æ Ö.
v w x y z þ æ ö.

Hani, Krumi, Hundur, Svín,
Hestur, Mús, Titlingur,
Galar, krunkar, geltir, hrýn,
Gneggjar, týstir, syngur.

Útskíring Vísunnar.

Haninn er taminn fugl, reisuglegur vexti, med fagur-raudum kambi, líkum kórónu, á höfdinu. Konan hans heitir Hæna, þau eru móraud eda svört á lit, og lifa helzt á korni. Hænan verpir mörgum eggjum, sem eru góð átu. Haniñ galar venjulega á eyktamótum.

Krumminn eda Hrafninn er líka alkunnur fugl, svartur ad lit; hann er ótaminn, en getur þó vanist med mönnum. Grádugur er hann mjeg; hvar, sem hræ er eda hraæti úti á vídavángi, þar er hann ódar kominn, og gjörir sér þar hæverskulaust til góda.

Hundurinn er tamid dýr og býr med mönnum; hann hefir margar dygdir til ad bera: er vinveittur, tryggur, fastlyndur og manninum mikid fylgisamur; hann vaktar hús og tún, og er mönnum til mikilla gagnsmuna.

Svinid er líka tamid dýr, óálitlegt ad sönnu vexti, en þó feitlegid mjög, og þess kjöt, sem heitir flesk, er dágott átu; þad lifir á saur og ýmsu léttvægu fódri, skémdu korni og úrþvætti, er kallast draf.

Hesturinn er og tamid dýr, hann er ein sú tíguglegasta og fallegasta skepna, ferdmikill, djarffær, traustur, námfús, tryggur og þolgodur. Hann getur hlaupid og stockid, eins og sending, med fullordinn mann á bakinu, hálfann, já, heilann dag.

Hann hefir mikid hár ofan til á hálsinum fram á höfud, sem heitir fax, og lika hárprúda rofu, sem nefnist tagl. Hesturinn lifir á grasi og gódu heyi á vetrardaginn, og er mönnum til mikillar hægdar, nota og ánægju.

Músin er ótamid og villt dýr, þó hún opt búi í hýbýlum manna; hún er ofurlítil vexti, en fljót og skjót á fæti, grá ad lit med laungum hala. Bærinn hennar er mjó veggjarhola; henni þykir gott allskyns feitæti, korn og braud.

Titlingurinn er ótaminn smá-fugl, hans tegundir eru margar; sumir syngja ofur lipurt, svo sem Canarie-fuglinn, sem flytst híngad stundum frá útlöndum, og er látinn í litid Grinda-hús, sem kallast

Fugla búr; hann lifir á einskonar fínu korni, sykri og sætindum.

19. Vetrar Vika.

Nú er þegar lidin vika af Góu, sem byrjadi á Sunnudaginn var, get eg til ad viku lidinni, eda í Midgóu, verdid þid búin læra ad þeckia Stafrofid, sem núna kemur; brúkast þad letur tídum á íslendskum bókum, þó þad annars heyri til Látínu máli, verdum vid því ad æfa ockur vel í því þessa viku. Gud gefi mjer lyst til gott ad læra!

A B C D E F G H I J K L M
a b c d e f g h i j k l m
a b c d e f g h i j k l m

N	O	P	Q	R	S	T	U	V
n	o	p	q	r	ſs	t	u	v
n	o	p	q	r	ſs	t	u	v
W	X	Y	Z	Þ	Æ	Ö		
w	x	y	z	þ	æ	ö.		
w	x	y	z	þ	æ	ö.		

MALSHÆTTIR.

Aldrej er gód víſa of opt qvedin.

Aldrej er gott oflaunad, nema med íllu.

Allt vill lagid hafa.

Auds er vant vid ydjuſemi.

Betri er bidlund bedin, enn brádt rádid.

Betra er heilt enn vel grǿid.

Betra er audt rúm enn ílla ſkipad.

Djarfur er hverr vid deildann verd.
Drjúg eru morgun-verkin.
Dygd er gulli dyrmætari.
Ecki er gaman nema gott fę.
Ecki er rád nema í tíma fè tekid.
Endirinn skyldi í upphafinu skoda.
Enginn verdur ágjætur af engu.
Fárr veit hverju fagna skal.
Fátt er fpárra enn hugurinn.
Fátt er þad, fem fulltreyfta má.
Fagurt er hold fjærri beini,
Gott má af gódum hljóta.
Gott er gódum ad líkjaft.
Gjörla skal gott nyta.
Hófid er beft i hverjum leik.
Hægt er heilum vagni heim ad aka.

Hægra er ad kénna heilrædin enn halda.
Illur fengur ílla forgengur.
Illur á ílls von — af íllum er ílls von.
Kapp er beſt med forſjá.
Kornid fyllir mælirinn.
Lengi man til lítillar ſtundar.
Lengi ſkapaſt manns höfudid.
Lög eru brædra ſærttr.
Madur er manns gaman.
Mikid ſkal til mikils vinna.
Mátinn er marghæfaſtur.
Margur er knár þó hann ſé ſmár.
Mjór er mikils víſir.
Mjótt er mundángs hófid.
Mörg eru manna mein.

20. Vetrar Vika.

Æ tíd kémur nytt og nytt; skodid, Börn! enn þá nytt letur, sem heitir Kúrsív- eda Snarhandar-letur, og brúkast á atrids ordum í látinskum leturgjördum, eins og Schwabacher stafirnir í almennu bóka-letri. Gud gési mér, &c.

Aa Bb Cc Dd Ee Ff Gg Hh
Ii Jj Kk Ll Mm Nn Oo Pp
Qq Rr Sſs Tt Uu Vv Ww Xx
Yy Zz Þþ Ææ ö œ.

Framhald *MALSHATTANNA.*

Náttúran er námi ríkari.
Nytur enn hverr sig sedir.

Námfús ydni vinnur allt med vidleitninni.
Opt má lítid laglega fara.
Opt má satt kyrrt liggja.
Opt er i holti heyrandi nær.
Opt hafa litlar vonir ad gódu vordid.
Rétt er best, en rángt er verst.
Raunin er ólygnust.
Sannleikurinn er sagna bestur.
Sá veit gjörst, sem reynir.
Sjaldan er bára stök.
Skémtinn madur er vagn á veg.
Sínum augum lítur hverr á silfrid.
Tamur er barns vaninn.
Tvisvar verdur gamall madur barn.



Uti er Þraut þá unnin er.
Ulfur er ſá med úlfum venſt.
Vandi fylgir velſemd hverri.
Vitid er verdi betra, þó varla ſái þad allir.
Vida er mannſins gjetid.
Verkid lofar Meiſtarann.
Verdur er verkamadurinn launanna.
Viljinn dregur hálft hlaſs.
Vinur er ſá, er til vamms ſegir.
Ýdnin eykur alla ment.
Þad úngur nemur, gamall hefir.
Þad er lítid vit, ad gángaſt fyrir lit.
Þad er eçki allt gull, ſem glóir.
Þeim er mein, ſem í myrkur rata.
Þolinmædin þrautir vinnur allar.
Æran er meſt verd.

Öl segir allann vilja.
Öllum er batinn bodinn.
Öllum kann yfir ad sjást.

21. Vetrar Vika.

Nú erud þid, gódu Börn! komin svo vel á veg ad stafa og taka saman, ad nú er þörf ad fá yckur nockrar fastar lestrar reglur ad stydjast vid. þær koma þá hér; gjætid nú vel ad!

Stofunar- og Lestrar-reglur.

Ven þig strax, Barnid gott! á fallegt stofunar-lag, þad býr undir gott lestrar-lag á sídan. — Brúka vel raustina, svo hún sé hrein og hvell, ecki dymm eda murrandi. — Nefn hvern bókstaf svo skírt,



sem gêtur, og út-tala adqvædin heldur snøggt enn seint, tak þau sídan stillt saman í fyrstu, uns ordid er komid heilt, en brúka ávalt eptirþánka. — Hvert adqvædi, þegar því fyrsta sleppur af tveggja og fleiri adqvæda ordum, elskar gjarnast í voru máli ad byrja á hljodstaf, t. d.: staf-ur, pilt-ur bækl-ing-ur; nema ordid sé samsett af fleirum ordum, t. d.: blad-sída, tré-fleif, mat-bord. — Varast áttu strax vid adqvædi og ord ad draga seim, og hvern annann kjæk, því hann gjörir lestur á sídan óáheyrilegann; þess vegna gêta ecki allir sagdst lesa vel, þó lesa kunni. — Þegar til lestrar kémur, þarf ad laga rôminn eptir efninu, lesa med athygli, stillt og greinilega, og í því falli vandlega athuga eptirfylgjandi,

Helztu Skilmerki
Orda og Greina á milli.

, **Strik** (Comma), sem er hid minnsta skilmerki, og þýdir: ad bika skuli litid eitt vid í framburdinum.

; **Hálfpúnktur** (Semicolon), adgreinir þánka, þó í sømu meiníngu eda klausu og þýdir: ad staldra skuli lengur vid eda jafnvel anda.

: **Tvipúnktur** (Colon), bendir til meiníngar, sem vikid er á ad eptirfylgi, og skal hér því anda, t. d.: hann tók þannig til máls:

. **Púnktur** (Punctum), er hid mesta þagnarmerki, og sýnir, ad klausan sé á enda.

? **Spurníngar-merki** (Quæstio), brúkast ad endadri spurníngu, t. d.: hvad vard um qverid þitt?

! Upphrópunar-, undrunar-, edá ávarps merki (Exclamatio), eptir, sem á stendur, t. d.: bid þú nú vid! Góðurinn minn!

- Samtengingar-merki (Devis), brúkast þegar ordi er skipt milli lína, eda þad er sett saman af tveimur, t. d. penna-fjodur, stöfunar-qver.

() eda [] Innilokunar-merki (Parenthesis). innsicklar þánka, sem heyrir til frekari upplýsingar efnlnu, og sem þessvegna er skotid inní meiníngunna, eins og sjest af framandi nefnum Skilmerkjanna hér ad ofan.

— Pánkastrik (Pause), brúkast einkum þegar hastarlega er vikid frá einu rædu-efni til annars — til adgreiníngar í samrædum — á millum stuttra

ſundurlauſra þánka — ſjá hér ad fram- an blſ. 23 - 25, 28 - 30, 44 - 47, 59 60. — og líka brúkaſt þad margopt fyrir innilokunar-merki.

Fråndms-merki (Apoſtrophus), ſýn- ir, ad hljódſtafur ſé úrfelldur, eda egi úr ad fellaſt; t. d.: O ſál' ódaudleg mín! ebld' eg heill þína?

Merk: Auk þeirra hjer toldu Skilmerkja, eru: " Tilvitnunar-merkid (Hyphe). :, Itrekunar-merkid (Repetitio), og §. Greinaſkipta-merkid (Paragraph).

16. Vetrar Vika.

Nú endar Góu mánudur á Mánadaginn kemur, og þá eru einar 4 vikur rúmar til Sumars; neyt-

um ockar því vel þessa viku, kiæru børn! Hjer eru enn þá nockrar adgætsluverdar

Lestrar-reglur:

Í einstökum ritum finnst au brúkad fyrir ö, t. d: sauk fyrir sök, aullum fyrir öllum, etc.

Au, í framandi túngna nøfnum og ordum, lesist sem á, t. d.: Author edg Auctor, les: Átor, áktor; Augustus, les: Agústus; Paulus, les: Pálus; Saul, les: Sál, etc.

C fyrir framan e, i, y, æ, er lesid fyrir S, t. d.: Cedrus (Vidar tegund), Ceremonia (Tídaskick), citera (vitna til), Cicero (manns nafn), Cyrus, Cæsar, Lucæ, Marci, les: Sedrus, Seremonia, sitera, Siseró, Sýrus, Sesar, Lúse, Marsí. Standi C þarámóti fyri framan a, o, u, er þad lesid fyrir K, t. d.: Cain, Caution, (Borgan), Comma, Colon, Curator (Formyndari), Curere (lækna), les; Kain, Kátsíón,

Komma, Kólon, Kúrator, Kúrere, rett rins og Minnisvísan áqvedur:

C fyri framan o, u, a,
Eins hljóðar og væri K;
En fyri framan e, æ, i,
Sem Essi skalt þú qveda'ad því.

I orðum, sem koma af Frönsku, lesist ou fyrir ú, t. d.: Courant (gángmyndt), Cours (verðhæd á peníngum), Couvert (umslag), Tour (vegur), les: Kúrant, Kúrs, Kúvert, Túr.

Ph i upphafi orðs lesist sem F, t. d.: Philippus, Pharao; les: Filippus, Faraó. I miðju orði sem ff, t d.: Sophia, Stephan, les Soffía, Steffan; en i enda sem einfaldt f, t. d., Asaph, Joseph, les: Asaf, Jósef.

T blóstrar, þegar það stendur í miðju orði fyri framan i og annann hljóðstaf til, t. d.: Marti-



us, Lectio, Pontius, Auction (uppbod), Visitatio (Skodunar-för), les: Martsius, Lektsia, Pontsíus, áktsíón, Visitatsía.

X lesst sem Ks, t. d.: Xerxes, Xantippe, les: Kserkses, Ksantippe.

Z úttalast eins og seitt S í upphafi, t. d.: Zion, Zebedæus, les: Sion, Sebedeus, en í midju optar sem ds, t. d.: Nazareth, l. Nadsaret.

Æ sem e, og œ sem ö, t. d.: Æneas, Irenæus, Oeconomus, Fœbus, les: Eneas, Ireneus, Ökónómus, Föbus.

Bönd og Skammstafanir:

Al. Aln. les: alin, álnir.
Am. les: Amen.
Bls. les: Bladsídu.
Cap. les: Kapitula.
&c, etc. ꝛc. les: et cetera.
Fd. les: Fiórdúngur.
H. les: heilagur.
Hra. les: Herra.
Hdr les: Hundrad.
Lpd. les: Lispund.

Mk. les: Mark (16 ß).
m. m. les: med meira.
Mr. les: Monsieur, útt talast: Mosjö.
No. les: Númer.
N. v. les: Nafn verd.
o. s. frv. l. og svo framt vegis.
Pag. les: Pagína.
Pd les: Pund (32 lód).
Rdlr. les: Ríkisdalur.
Rbd. l. Ríkisbánkadalur.
Rbß. l. Ríkisbánkaskild.
Skpd. les: Skippund.
Sgr. les: Seigneur, útt talast: Sennjör.
Sra. les: Síra.
St. les: Sánkte.
S. v. l. Silfur verd.
ß les: Skilding.
t. d. les: til dæmis.
Þ. á. les: þessa árs.
Þ. e. les: það er.
Þ. m. l. þessa mánaðar.

Merk: Í eldri bókum brúkast æ fyrir á og w fyrir ú, t. d: ængur, þwngur, les: ángur, þúngur; m̄ gyldir vid m m, og n̄ vid n n; z eda r brúkast fyrir ur, t d.: kaldz vetr, les: kaldur vetur; z gyldir vid s og að að bókstaf til, svo sem: þez, lanz, telz, les: þess, lands, telst; breyttar bókstafur í

midiu eda enda ords, gyldir vid tvo óbreytta sama Heitis, til dæmis: HaLur, SveiN, les: Hallur, Sveinn.

23. Vetrar Vika.

Til fullkomins lestrar heyrir enn þá, ad þeckja Tölurnar, þeirra myndir og gyldi; þad skal nú vera Vikuskamturinn yckar i þetta sinn. Tölustafir þessir kallast Siffrur eda Siffrutala, og eru myndirnar einúngis tíu.

1	2	3	4	5	6	7	8	9	0
einn	tveir	þrír	fjórir	fimm	sex	sjö	átta	níu	núll.

Merk: Af því núllið merkir alls eckert, þegar þad stendur eitt ser, verdur ad setja einhvern merkjandi tölustaf af hinum níu fyrir framan þad, og þá eykst þess sama gyldi um svo

marga tugi eda tíu, sem sá stafur þýdir, t. d.: setji eg 1 framan 0, verda það einir tíu, en setji eg 2 á sama stad, verda það 2 tugar eda tuttugu, o. s. frv.; höldum nú áfram!

10	11	12	13	14	15	16	17
tíu	ellefu	tólf	þrettán	fjórtán	fimtán	sextán	sjötján

18	19	20	21	22	23
átján	nítján	tuttugu	t o. einn	t. o. tveir	t. o þrír

24	25	26	27	28
t. og fjórir	t. og fimm	t. og sex	t. og sjø	t. og átta.

Nú er komin bókstafa talan, teljid nú sjálf eptir á fingrunum — það stendur heima — 2 fingur gánga af í þridja sinni — nú áfram!

29	30	31	40	42	50
t. og níu	þrjátíu	þrját. o. einn	fjörutíu	f. o. tv.	fimtíu



53 | 60 | 64 | 70 | 75
fim̄t. o. þrir | sextiu | sext. o. fjór. | sjøtin | sjøt. o. fim̄

80 | 86 | 90 | 97 | 100
áttatiu | áttat. o. sex | niutiu | niutiu o. sjø | hundrad

108 | 109 | 110 | 111.
hundr. o. átta | hdr. o. niu | hdr. o. tiu | hdr. o. ellefu.

212 | 313 | 414
tvøhdr. o. tólf | þrjúhdr o. þrett. | fjøgurhdr o. fjórtán.

515 | 616 | 717.
fim̄hdr. og fimt. | sexhdr. og sext. | sjøhdr. og sjøtján.

818 | 919 | 1000
áttahdr. og átján. | niuhdr. og nitján. | eitt þúsund.

1001 | 1102 | 1821.
eittþús. o. eiñ. | 1 þús. 1 hdr. o. 2. | 1 þús. 8 hdr tutt. 1,

Merk: Hier af siáid þid, Börn góð! að eptir því, sem hverr tölustafur gengur lengra fram frá hægri til vinstri handar, eptir því eykst hans gyldi tínfinnum meira, enn hins undangángandi, t. d.: 1111, þýðir sá síðasti 1, eina eining, sá annar 1, nær vinstri hendi, tíu einingar eða 1 tug, sá þriðji 1 nærst sömu hendi, tíu tugi eða tiutíu einingar, og fjórði 1, tiutíu tugi eða þúsund einingar, sem er lesið: Eitt þúsund, eitt hundrað og ellefu. 12. 345, les: Tólf þúsund, 3 hdr. fjörut. fim. 123,456, l. Eitthdr. 23 þúsundir, 4 hdr. 56. 1, 000,000, l. 1 millión, eða þúsundsinnum þúsund, eins og kennir þin gamla

Minnis-vísa:

Sig (einíngu), mest merkir hinn fyrsti,
Mann, tíu qvad annar,
Hundrad þydir hinn þridji (tølnstafur),
þúsund fjórdi (stafur), vel grunda;
Tiu þúsund tel fimta (staf),
Tel hundrad þúsund sjötta,

Sjöunda mér Klerkar kénndū,
Ad kalla þúsund þúsunda. (Millión).

Til er og annad Tølu-letur, uppfundid af Rómverjum, sem kallast: rómverst Tala; þess myndir ern einúngis sjø bókstafir, nefnilega: I þýdireinn, V fim, X tíu, L fimtíu, C hundr. D fimhundrud og M þúsund; eptir því, sem bókstafir þessir-eru samansettir, verdur gyldi þeirra, eins og þid sjáid á eptirfylgjandi.

Tølu-rødum:

I.	II.	III.	IV.	V.	VI.	VII.	VIII.	IX.	X.
1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
XI.	XII.	XIII.	XIV.	XV.	XVI.	XVII.			
11.	12.	13.	14.	15.	16.	17.			
XVIII.	XIX.	XX.	XXI.	XXIX.	XXX.				
18.	19.	20.	21.	29.	30.				

XL.	*L.*	*LX.*	*LXX.*	*LXXX.*	*XC.*	*C.*
40.	50.	60.	70.	80.	90.	100.
CC.	*CCC.*	*CD.*	*D.*	*DC.*	*DCC.*	*DCCC.*
200.	300.	400.	500.	600.	700.	800.
CM.	*M.*	*MCI.*	*MCCII.*	*MCCCIII.*		
900.	1000.	1101.	1202.	1303.		
MCDIV.	*MDV.*	*MDCVI.*	*MDCCVII*			
1404.	1505.	1606.	1707.			
MDCCCXXI.	1821.					

Merk: Hieraf siest: ad smærri talan eykur vid eptir hina meiri, en minkar hana, ef fyri framan stendur. t. d.: í IV. hier ad ofan, minkar V um 1, af því I stendur fyri framan, en eykur sømu V um 1 í VI, af því I stendur þar á eptir: eins er í IX (9), XL (40). XC (90), CD (400), og CM (900).

24. Vetrar Vika.

Fyrst yckur géck vonum framar vel ad telja úr Tölum, vikuna, sem leid, þá er yckur, sje eg, ætlad þessa, ad nema hid fyrsta og einfaldasta undirlag í Reikníngi, lítid á! þad er ágæt ment.

Yfir høfud gêfast fjórar Reikníngs-tegundir, sem eru: ad **leggja saman**, **draga frá**, **margfalda** og **deila**. Nú skulum vid fyrst reyna til ad

leggja saman.

Þú áttir í stockinum þínum	4 skéljar;
hann Aebjørn gaf þér . . .	6 —
Hve margar áttú þá nú?	alls 10 skél.

Lít nú á þær tvær tölur, sem standa þarna hvers upp af annari ofan strikid, seig svo: 6 og 4 eru

10, drag þverstrik undir, og skrifa 10 þar fyrir nedan; þad heitir ad leggja saman.

Nú viljum vid reyna til ad

draga frá.

Þad er þvert á moti því ad leggja saman, til dæmis:
Í stockinum þínum áttú nú þegar 10 skél,
af þeim géfur þú systur þinni . 5 —
hvad verda þá margar eptir? svar: 5 skél.

Nú segir þú: 5 frá 10, verda eptir 5, sem þú sier ad standa fyri nedan strikid.

Vid Frádragníngu verdur ætíd ad líta eptir því, ad minni talan, sem dragast á frá þeirri meiri, standi rétt undir þessari; því audsært er, ad ecki verdur dregin nema minni tala frá meiri.

Nú skulum vid vita hvernig gengur med hina 3ju reiknings tegund, sem heitir ad

margfalda.

Fyrst þér þykir svo vænt um skéljar, ætla eg nú ad géfa þér í 3 daga, 4 skildingar skéljar hvern dag; en þú átt í stadinn ad segja mér, hvad margar verdi skéljarnar til samans, er þú þannig færd.

Skrifa med kritarmolanum þinum skéljatöluna, sem þú átt von á dag hvern, þær eru 4, þar undir dagatöluna, sem eru 3, drag þverstrik undir, og seg: 3svar 4 eru 12, er	4 skéljar. 3 dagar. ——— 12 skéljar.

þú skrifar nedan strikid, sem sýnir summu skéljanna, jeg alls á ad gefa þier. Vel og gott! þú skalt lika fá þær, takist þier ecki midur med þá sídustu Reiknings tegundina, sem hier kemur á eptir og kallast:

Deiling.

Hún er raunar ecki annad enn Frádragning, en fljótari og fyrirhafnar minni. Jeg vil, t. d.: gefa þér og hinum börnunum bádum, 12 jardepli ad steikja, og skipta þeim í 3 jafna stadi milli ockar, hve mörg epli mun þá hvert ockar geta fengid? svar: 4, og set nú dæmid upp þannig:

3) 12 (4 Fyrst skrifa eg 3, og set vid þá hálfhring, þad er barna talan eda Deil-
　　12　　 irinn; þar næst 12, sem er epla-talan
―――――　eda Deilandinn, og segi: 3 í 12 hefi
　　00　　 eg 4sinnum, set nú umvendtann hálfhrygn fyrir aptan 12, og skrifa þar 4, sem er qvótinn eda hlutatalan, hverja eg margfalda med deilirnum, og segi: 3svar 4 eru 12, þá set eg undir deilandann, og dreg þverstrik fyrir nedan, segi nú: 12 frá 12 verdur eckert eptir, skrifa því 00 (núll), nedan strikid, sem sýnir, ad 4 epli eru í hlut, en

enginn afgángur. Med Frádragníngu kunni þetta líka ad gjørast, þegar 4 vóru 3svar dregnir frá 12, en þad er miklu seinlegra.

25. Vetrar Vika.

Lídur á lærdóms-ydkana tímann, Børn gód! nú er vel hálfnadur Einmánudur, skjerdtar 2 vikur til Sumars; er yckur nú, til frekari æfíngar og eptirþánka, ætlad nærsta viku ad lesa um Tídina, og hennar ýmislegu skipti; takid vel eptir því!

Um Tídina.

Tídin er einhver sú dýrmætasta gáfa Guds. Hún er manneskjunni veitt til framfara í gódu og gagnlegu, svo hún geti fyrir þad vordid fullkomnari, og hæf til sælu sídarmeir.

Tidinni er skipt í Alldir, Ar, Missiri, Arstídir, Mánudi, Vikur og Daga.

EinØlld er 100 ára timi.

Í Ari reiknast 2 Missiri, Vetur og Sumar, eu 4 Arstídir, sem eru: Vetur og Sumar, Vor og Haust; hvert Missiri er því helfíngur, en hver Arstíd fjórdúngur af Ari.

Einn Mánudur reiknast almeñt 4 Vikur eda 28 dagar; verda þá 13 þvilikir Mánudir í Arinu. Almanaks Mánudir eru einúngis 12, því þeir eru lengri, hafa 7 þeirra 31 dag, hinir 30, nema Febrúarius, sem hefir 3 ár samfleytt 28, en 4da hvert ár, sem kallast Hlaupár, 29 daga.

Mánudirnir heita:

1.) JANUARIUS, eda Midsvetrar-mánudur - hefir 31 daga, med honum byrjast árid, hann

hálfnar veturinn. Fyrra part þessa mánaðr er Brundtími sauðfjár.

2.) FEBRUARIUS, eða Föstugángs-mánuðu hefir 28 daga, og 1 betur á Hlaupári, þ búa karlmenn sig til fiskiveiða í verstöðum.

3.) MARTIUS, eða Jafndægra-mánuður, hef 31 daga, nú er vertíð við sjó, og vorið byrjar

4.) APRILIS, eða Sumar-mánuður, hefir 3 daga, þá byrjar Sumar Misserið, lengir dag og mjúka opt frostharkur.

5.) MAJUS, eða Fardaga-mánuður, hefir 3 daga, þá er unnið á túnum, sáð til maturt sauðburður hefst og fuglar verpa.

6.) JUNIUS, eða Nóttleysu-mánuður, hefir 3 daga, þá er lengstur dagur, nú er plantað kál ruið sauðfje, lömbum fært frá og rekin á afrétt

7.) JULIUS, eda Midsumars-mánudur, hefir 31 daga, þá eru dregin ad búsaung, flutt í sel, farid á grasafiall og byriadur sláttur.

8.) AUGUSTUS, eda Heyanna-mánudur, hefir 31 daga, þá standa yfir heyannir, hyrdt tún og yrktar engiar.

9.) SEPTEMBER, eda Addrátta-mánudur, hefir 30 daga; þá enda heyannir, en byriast Haustid, giørd fiallskil, hyrdtar matiurtir.

10.) OCTOBER, eda Slátrunar-mánudur, hefir 31 dagh; þá byriar Vetrar-missirid, nú er fœrd mykt á tún, slátrad busie, en børn byria skolun.

11.) NOVEMBER, eda Ridtidar-mánudur, hefir 30 daga; nú er settst ad vid ullar-tóvinnu og hyrdtur búsmali.

F.

12.) DECEMBER, eda Skammdegis-mánudur, hefir 31 daga, hann endar árid, þá er styttstur dagur, en vokur lengstar.

Ein Vika er sjø Dagar, er svo heita: Sunnudagur, Mánadagur, Þridjudagur, Midvikudagur, Fimtudagur, Føstudagur, Laugardagur.

Einn Dagur eda Sólarhríngur, sem hjá oss reiknast frá Midnætti til Midnættis, er 8 Eyktir eda Dagamørk, sem heita:

Midnætti, Otta, Midurmorgun, Dagmál, Hádegi, Nón, Miduraptan, Náttmál; hver Eykt er 3 klukkustundir, eda 24 í sólarhríngnum; ein klukkustund er 60 Minútur, og ein minúta 60 Sekúndur.

Merk: Stjørnufródir reikna daginn frá Hádegi til Hádegis daginn eptir.

26. Vetrar Vika.

Hana nú! sídasti viku skamturinn er einúngis eptir, mun yckur ecki hvad sist takast med hann, svo endirinn verdi bestur, því fagnadarsælla verdur yckur Sumarid á Fimtudaginn kemur; þá fer bústadur ockar, jordin, úr því ad blómgast; gledi er til þess ad þenkja! ofurlitid ágrip um vors hnattar skøpulag sáum vid í efninu, sem núna kemur.

Um Jordina.

Jordin er falleg og furdu stór. Margfaldt stærri er hún, enn sjónhríngur sá, sem vid gètum deilt med augunu. Skøpulag hennar er eins og hnattar eda hnoda, og hvad furd-



ânlegast er, hún er sífeldt ad snúast um í kríng, og svífa fram og aptur í lausu lopti. Mikid af Jardarhnettinum er þakid sjó og vøtnum, svo ecki er nema lakur einn þridjúngur hans þurrt land.

Menniruir byggja á þurrlendinu, sem teljast ad vera þúsund millíónir, en hver millíón er þúsundsinnum þúsund. Fiskarinn sveymar í sjó og vøtnum, en fuglinn flýgur í loptinu.

Á Jørdunni vex Gras, Urtir, Trje og allra handa ávextir, mønnum og skepnum til margfaldra nota. Manneskjan neytir korns, jurta, aldina, mjólkur, kjøt- og fisk-

matar, eggja, etc; en fjenadurinn fódrast á grasinu.

Trjed er einn sá þarfasti ávöxtur, og ómissandi til húsabygginga, skipasmidis og margfaldra naudsynja áhalda.

Ur Jördunni fást Gimsteinar, svo sem: Demant, med hverjum glerid er skorid, Rúbin, Saphír, etc. og Málmar, svo sem: Gull*), Silfur, Kopar, Tin, Blý, Járn, og margar fleiri málm-tegundir, sem menn-

*) Á medal al-málma, er Platina eda Hvítagull hid kostulegasta; það er járni hardara, erdugra ad bræda og edlis-þyngra enn Rauda-gullid. Sidan árid 1736, hefir það fengist frá Perú í Sudur-Ameríku.



irnir brúka sér til þarfa, til prýdis, hægdar, verkfæra og varnar.

Demantinn er raraſti Gimsteininn, Gullid dýrmætaſta Málmstegundin, en Járnid allra naudsynlegaſt. Ur því er smídadur hnífurinn til ad borda med, ſkjærin ad klippa med, ljárinn ad ſlá med, og ótal fleiri naudsynja verkfæri.

A Jørdunni eru margar mishædir, ſvo ſem: Fjøll, Heidar, Hálſar, Hólar og Hryggir. Fjøllin draga ad ſér Skýin. Ur ſkýunum kémur Regnid, ſem fellur yfir jørdina henni til frjófgunar.

Fram

Fram um dalina milli fjallanna renna Elfur, Ar og Lækir, sem gefa gott vatn. Uppí Arnar gengur Lax og Silúngur úr sjónum fram til sveita.

Upp úr hafinu standa stórar Eyar, Hólmar og Sker um alla jørdina. Ein af þessum eyum er landid, sem vid byggjum, þad liggur nordarlega á hnettinum og heitir Island. Fólkstala þess var árid 1801, 47 þúsundir, 2 hundrud og 73 en med Nýári 1820 tölduft hér 48 þúsundir, 4 hundrud og 60 manneskjur. Stórt er land þetta ad vísu, en þó ofurlítill partur af jerdunni allri. Af því þad er umflotid af sjó á allar sidur, kallast þad Eya, en í fornøld, þá

er Naddoddur víkingur fann þad fyrstur, nefndi hann þad Snæland, þar næst hét þad Gardarshólmur, og sídast Ísland.

Í sjónum er ótal margt fiskakyn; úr honum veidist: Þorskur, Ísa, Skata, Heilagfiski, Hrognkelsi, Steinbítur, Háfur, Hákall og margt fleira, manneskjunum til lífs viðurhalds.



Svona hefir gódur Gud dásamlega tilbúid jördina; mikid hagur smidur má hann vera, mikid máttugur, mikid vís og mikid gódur: æ! látum ockur þykja ofur vænt um

hann, lofum hann og þeckium honum, og byrjum med þvi hugarfari Sumarid á morgun, og syngjum þá med andakt Sálminn No. 257 i ockar Messusaungs-bók: Guds gædsku prísa, etc.



Margfoldunar Tabla.

9ſiñ. 9 eru 81	8ſiñ. 8 eru 64	7ſiñ. 7 eru 49
8— 9 — 72	7— 8 — 56	6— 7 — 42
7— 9 — 63	6— 8 — 48	5— 7 — 35
6— 9 — 54	5— 8 — 40	4— 7 — 28
5— 9 — 45	4— 8 — 32	3— 7 — 21
4— 9 — 36	3— 8 — 24	2— 7 — 14
3— 9 — 27	2— 8 — 16	
2— 9 — 18		
6ſiñ. 6 eru 36	5ſiñ. 5 eru 25	4ſiñ. 4 eru 16
5— 6 — 30	4— 5 — 20	3— 4 — 12
4— 6 — 24	3— 5 — 15	2— 4 — 8
3— 6 — 18	2— 5 — 10	2— 3 — 6
2— 6 — 12	2— 3 — 6	2— 2 — 4



Avísan
til Kennendanna
um brúkun þessa Stafunar-qvers.

Auk þinna einstöku tilvísana, sem skríngar-greinir, á fáeinum stödum í qverinu, gefa um kennslu-máta þess efnis, er þar heyra til, vil eg til frekari adgætslu og leidarvísirs þeim kjæru Foreldrum og Kennendum, sem nota vildu þetta Stafunar-qver, stuttlega greina, hvernig eg hygg þad brúkad yrdi med bestu notum.

1.) Væri þad í öndverdu ósk-rád, strax sem Börn fara bera kennsl á og geta

nefut limina á sér og hlutina um kríng sig, þá undir eins k.una þeim ad stafa til enna léttustu eins adqvædis orda, t. d,: vildi foreldrid spyrja barnid: Hvad heitir þetta? þá um leid stafa fyri þvi hlutinn, og láta þad hafa eptir, svo sem: hár hár, kinn kinn, hend hønd, háls háls, kné kné, tár tár, skyr spónn, sleif, og fl., eptir atvikum; lidkar þad bædi málfæri barnsins og rydur mun greidari veg til stöfunar á sídan á qverinu.

2.) Er ætlad svo til, ad blad þad, sem næst er Titlinum, og Stafrofid er prentad á med störu letri, verdi skorid út, og límt á eins stört træspjald, gëfid

sídan bǫrnum vid og vid í hendur, svo sem gǫrsemi, þegar vel liggur á þeim, en um leid ætti sýna þeim þar bókstafina, og þannig kynna þeim þeirra myndir og heiti; en sem barnid væri búid læra ad þeckja þá nockurnveginn, skyldi Kennarinn sýna því fyrst, og þar eptir láta þad sýna sér, á spjaldinu, stafina, er lægju til einhvers smá-ords, sem hann nefndi fyrir því; spyrdi hann, t. d.: hverjir bókstafir liggja þarna til **bók** bók, **qver** qver, **spjald** o. s. fr. ætti þetta gjǫrast á Utmánudum veturinn ádur enn byrja skyldi stefun af sjálfu qverinu vetrinn eptir, þó eckí fyrr enn barnid væri $3\frac{1}{2}$ eda fullra 4 ára.

3.) Nú er byrjad á qverinu, þegar barnid er vel á 5ta ár komid; skyldi þá fyrst bera saman stafina á spaldinu vid þá á qverinu, minna 3svar eda 4sinnum á dag hvern, en aldrei láta dag úrfalla til Sumarmála, nema þvi ad eins, ad þid fyrirsetta væri vel af-hendi leyst.

4.) Fyrisagnir og skýríngar-greinir, sem fyrirkoma, eru einkanlega ætladar þeim, er kenna—sem optast eru bóndi og húsfreya— til glöggvunar, en ecki börnum, medan skilning brestur, til stöfunar. Annars er þetta Barna-gull frá uppháfi

til enda, ætlad bornum til fyrstu lestrar æfingar, og ætti ecki yfirgéfast, fyrr enn þau væru vel stautfær, og hefdu numid innihaldid til hlýtar. Ur þvi mætti fá þeim í hendur Sumargjøf handa Børnum, Campes Sida-lærdóm og Sálar-frædi, Náttúruskodaran, Gallettis Kénnslubók og fl., sem allt eru ágætar, útvaldar Barna-bækur.

5.) Ad Qverinu er skipt í Viku-skamta, er ecki í þeirri veru, ad børn, yfir høfud, fái þvi aflokid á einum vetri, þó ecki sé efandi, ad mørg géfist svo gáfud,

ad ecki yrdi þad ofvaxid; heldur gifar þad lyst og alúd, þegar barnid veit fyrifram, hversu lengi þad á ad stafa eda lesa í einu, og hlackar því meir til fristmans á eptir.

Prentvillur.

Blf. 55, linu 8, les: sætir,
— 63, — 13, — 22.
— 77, — 14, — hring.



